



## Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

20. fundur fjallaskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Hömrum, sunnudaginn 19. ágúst 2018 kl. 20:00.

Fundinn sátu:

Auður Gunnarsdóttir, formaður

Benedikt Gústavsson

Björn Snorrason

Ingólfur Oddgeir Jónsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Sigrún Jóna Jónsdóttir

#### 1. Fjallferðir.

*Fyrsta leit í Grímsnesi fer af stað föstudaginn 7. september. Réttað verður í Kringlumýri þriðjudaginn 11. september kl. 10:00, fyrir alla.*

*Fyrsta leit í Grafningi fer af stað föstudaginn 14. september og réttað verður í Selflatarétt mánudaginn 17. september kl. 09:45.*

*Önnur leit í Grafningi fer af stað föstudaginn 28. september.*

#### 2. Fjárhagsáætlun og álagning.

*Dagsverk í Grímsnesi 7.000 kr.*

*Dagsverk í Grafningi 10.000 kr.*

*Dagsverk á hjóli 15.000 kr.*

*Álagning á kind 450 kr.*

*Álagning á jarðarpúsund 2.25 kr.*

*Fjárhagsáætlun áætluð 2.836.619 kr.*

*Þar af fjallskil 1.836.619 kr.*

*Aðrar tekjur 1.000.000 kr.*

#### 3. Stækkun á leitarsvæði.

*Farið er fram á að hreppsnefnd haldi áfram viðræðum við Bláskógabyggð til að bera kostnað við smölun á Töglunum og suður Miðfellshraun.*

#### 4. Skáli í Kerlingu.

*Fjallaskilanevnd óskar eftir að verði settar 5.000.000 kr. á fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 til byggingar nýs skála í Kerlingu.*



## Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 5. Breyting á reglugerð fjallskila í Ingólfshólfi.

*Unnið verður að því ásamt aðliggjandi sveitarfélögum að breyta ákvæði um tímasetningu fyrstu leita úr 22. viku sumars í 37. viku árs fyrir haustið 2019.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 23:00